

Hjólréiðaping HRÍ 2. Mars 2024 kl. 14.00 - Fundargerð

- a. Bjarni Már Svavarson formaður HRÍ setur þingið.
- b. Kosning þingforseta, Bjarni leggur til að Garðar Svansson verði kjörin þingforseti. Tillaga samþykkt af þingi.
- c. Kosning þingritara, Björgvin Jónsson er tilnefndur og samþykkt með lófaklappi.
- d. Kosið er í kjörbréfanefnd þar sem María Sæmundsdóttir, Guðfinnur Hilmarsson og Hulda Geirsdóttir voru kosin.
- e. Bjarni gefur skýrslu fráfarandi stjórnar.
- f. Björgvin Tómasson stjórnarmaður og formaður landsliðs- og afreksnefndar fer yfir starf nefndarinnar á árinu 2023 sem og helstu verkefnum á árinu 2024. Einnig nefnir hann að efla eigi sambönd og samstarf okkar við erlend hjólréiðasambönd til að auka líkur á frekari árangri okkar hjólréiðafólks í keppnum erlendis, og nefnir þar sem dæmi samstarf við Norska hjólréiðasambandið.
- g. Sigurður Ólason gjaldkeri leggur fram skoðaða ársreikninga HRÍ fyrir starfsárið 2023.

Skoðunarmenn ársskýrslu voru þeir Hannes A. Hannesson og Gunnleifur Þráinsson báðir úr Víkingi. Sigurður fer yfir helstu liði ársreiknings ársins 2023 sem og lauslega yfir Fjárhagsáætlun ársins 2024.

Spurningar úr sal vegna ársreiknings og umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar. Thomas Skov Jensen spyr um áætlun stjórnar varðandi fyrirhugaðar breytingar á greiðslum afreksfólks í landsliðsverkefnum ársins þess efnis að greiðslur verkefna verði innheimtar áður en haldið er af stað erlendis til keppni. Snýr spurning hans að því með hvaða hætti þetta fyrirkomulag verði. Bjarni formaður svarar því til að greiðslur afreksfólks verði miðaðar við fjárhagsáætlun sem lögð verður fyrir áætlaða landsliðsferð.

Hjalti Hjartarson kemur upp og útskýrir ákvörðun Afreksnefndar ÍSÍ varðandi úthlutun hans vegna starfsársins 2024. Nefnir hann í því dæmi hve mikilvægur slíkur fjárstuðningur er, sérstaklega fyrir svona lítið samband eins og Hjólréiðasambandið sem er með virkt og metnaðarfullt starf. Og þar sem það munar um hverja krónu.

María Sæmundsdóttir formaður kjörbréfanefndar kynnir þá fulltrúa sem hafa kosningarétt skv. Innsendum kjörbréfum Hjólréiðapings.

Reikninga sambandsins og ársreikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

h. Gestur Hjólréiðapingsins Ragnheiður Ríkarðsdóttir fulltrúi í framkvæmdastjórn ÍSÍ tekur til máls og færir okkur kveðjur frá formanni ÍSÍ og framkvæmdastjóra ÍSÍ.

i. Næst lagði Bjarni fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Fjárhagsáætlun næsta árs er rædd og samþykkt samhljóða.

j. Kosningar til stjórnar, formanns og kjörnefndar.

Til framboðs í stjórn til tveggja ára eru Dario Nunez frá Tindi, Hjalti G. Hjartarson frá Breiðablik og Arnfríður Sigurdórsdóttir frá Tindi. Björgvin Tómasson frá BFH gefur kost á sér til eins árs. eru þau öll kosin.

Bjarni gefur kost á sér til áframhaldandi setu til formans til tveggja ára. Aðeins einn er í framboði til og er því Bjarni Már Svavarsson sjálfkjörinn.

Hannes A. Hannesson og Gunnlaugur Þráinsson báðir Víkingi eru tilnefndir sem skoðunar menn reikninga næsta árs og endurkosnir með lófataki.

Kosning Kjörnefndar. Guðfinnur Hilmarsson úr Tindi, Þórdís Einarsdóttir frá HFR og Hulda Geirdóttir úr Hjólréiðafélagi Vesturlands voru kosin.

k. Önnur mál

Þórdís Einarsdóttir formaður HFR kemur með þá tillögu að þau félög sem ekki eru með virkt barna- og unglíngastarf greiði sérstakt gjald til afreksstarfs HRÍ. Málinu vísað til næstu stjórnar.

Björgvin Tómasson beinir því til fulltrúa ÍSÍ að hjólréiða sem sport sé frábær valkostur fyrir þá krakka sem heltast úr lestunum hjá stærri sport greinunum og að þessir krakkar séu velkomin.

Hjalti Hjartarson bendir á að mæting fulltrúa aðildafélaganna á þá tvo formannafundi sem voru á árinu 2023 hafi verið mjög lítil og hvetur hann félögin að sýna starfi HRÍ þá virðingu að mæta betur á þá fundi sem allir voru tilkynntir aðildafélögnum með góðum fyrirvara.

l. Bjarni Svavarsson slítur þingi kl. 15.40.